



FIMMTUDAGUR 1. FEBRÚAR 2018

Tíska



Elísa Hallgrímsdóttir og Dagur Jónsson hanna, sauma og markaðssetja nýja slaufur. ➔6

Tónlist og töfrandi upplifun

Sigtryggur Baldursson og Steinunn Harðardóttir, betur þekkt sem dj flugvél og geimskip, eru meðal fjölmargra sem koma fram á Vetrarhátíð í Kópavogi. Steinunn breytir Kópavogskirkju í geimskip og Sigtryggur kemur fram á tónleikum í Salnum og setur upp hljóðgjörning í Sundlaug Kópavogs. ➔2



Steinunn Harðardóttir, einnig þekkt sem dj, flugvél og geimskip og Sigtryggur Baldursson, bæjarlistamaður Kópavogs, láta til sín taka á Vetrarhátíð í Kópavogi föstudag og laugardag. MYND STEFÁN KARLSSON



ÚTSÖLULOK

AUKA 20%
AFSLÁTTUR

af útsöluvörum

comma,
SMÁRALIND

Framhald af forsiðu →

Kópavogskirkja mun taka stakkaskiptum annað kvöld kl. 18.00 þegar kveikt verður á tilkomumiklu verki Steinunnar Eldflaugar sem varpað verður á kirkjuna. Steinunn lætur ekki þar við sitja og býður gestum með sér í geimferð í kirkjunni sjálfri þar sem kannaðar verða óraviddir geimsins með tónlist og töfrandi upplifun sem enginn verður svikinn af. Hljóð- og ljósagjörningur Steinunnar fer fram kl. 19-19.30 á Safnanótt.

Menningarhúsin í Kópavogi taka höndum saman á Safnanótt og bjóða upp á afar fjölbreytta og spennandi dagskrá. Húsin standa þétt og margt að sjá fyrir gesti sem gera sér ferð þangað.

Kópavogsbær hefur auk þess látið hanna glæsilega lýsingu við Menningarhúsin, sem verður tendruð í tilefni Safnanætur.

Geimurinn og furður hans koma víðar við sögu en í Kópavogskirkju. Á Bókasafni Kópavogs verður Star Wars þema, boðið upp á þrautabraut í anda myndanna og söguhetjur Stars Wars etja kappi og keppa um hylli gestanna. Stjörnu-Sævar mætir á svæðið og ræðir um geimverur en auk hans eru Jón Gnarr og Gunní Helga meðal gesta.

Nýtt og gamalt frá Sigtryggi

Í Salnum verður Sigtryggur Baldursson í aðalhlutverki. Sigtryggur mun fara yfir sinn langa og



Mikil stemming hefur löngum myndast á Sundlauganótt í Kópavogi eins og sjá má á þessari mynd frá í fyrra.

Vetrarhátíð í Kópavogi

Safnanótt 2. febrúar

- Kl. 18.00** Ný lýsingarhönnun á torginu við Menningarhúsin vígð
Kl. 18.30 Kveikt á tilkomumikilli ljósvörpun á Kópavogskirkju
Kl. 19.00 Dj. flugvél og geimskip í Kópavogskirkju: Tónlist og töfrar
Kl. 18-23 Bókasafn – Star Wars ratleikur
 Gerðarsafn – Líkamleiki
 Náttúrufræðistofa – Stjörnulaga lífverur
 Héraðsskjalasafn – Örsýning um Kópavogsfundinn og fullveldið
 Garðskálinn – Taco-kvöld
- Kl. 18.00**
og 21.00 Héraðsskjalasafn – Myndskeið úr Kópavogi frá seinni hluta 20. aldar
- Kl. 18.15** Bókasafn – Gunní Helga leiðir ævintýra- og stjörnuritsmiðju fyrir börn
- Kl. 18.00** Gerðarsafn – Kvik strik teiknileikur fyrir alla fjölskylduna
Kl. 18.00 Náttúrufræðistofa – Rannsóknarstofa og hugleiðingar um plastmengun
- Kl. 19.00** Bókasafn – Föndurstofa, perlu og fleira
Kl. 19.00 Bókasafn – Skylmingakappar etja kappi í anda Star Wars
Kl. 19.00 Bókasafn – Leystu þrautirnar í Star Wars
Kl. 19.30 Gerðarsafn – Sjálfsmýndasmiðja
Kl. 20.00 Bókasafn – Eru til aðrar geimverur? spyr Stjörnu-Sævar í spjalli sínu við gesti
Kl. 20.00 Héraðsskjalasafn – Erindi um sauðfjábúskap í Kópavogi og nágrenni
Kl. 20.30 Molinn – Fjórar stuttmyndir gerðar í Molanum
Kl. 20.30
og 21.30 Gerðarsafn – Líkamleiki, leiðsögn með sýningarstjóra
Kl. 21.00 Náttúrufræðistofa – Hugleiðingar um fatasóun og fleira með Stefáni Gíslasyni
Kl. 21.00 Salurinn – Bæjarlistamaðurinn Sigtryggur Baldursson og Jón Ólafsson
Kl. 22.00 Bókasafn – Jón Gnarr les upp úr og segir frá nýrri bók sinni Púsund kossum
Kl. 22.00 Gerðarsafn – dj. í Garðskálanum

Sundlauganótt í Kópavogslaug 3. febrúar

- Kl. 19.00** Aqua Zumba
Kl. 20.00 Between Mountains
Kl. 21.00 Sigtryggur og ManKan – Tónlistar- og ljósagjörningur ofan og neðan vatns

fjölbreytta feril með dyggri aðstoð Jóns Ólafssonar á tónleikum og er aðgangur að sjálfsögdum ókeypis eins og á aðra viðburði Safnanætur. Sigtryggur er bæjarlistamaður Kópavogs og hann verður einnig með atriði í Sundlaug Kópavogs á Sundlauganótt á laugardag ásamt ManKan dúettinum. „Við ManKan menn verðum með tónlistargjörning sem ber heitið Undir með vitund, og þar freistum við þess að búa til sérstaka upplifun í sundlauginni sem verður upphituð, með tónlist, myndvörpum og neðansjárhátalara sem gerir fólki kleift að hlusta ofan í vatninu líka,“ segir Sigtryggur.

Náttúrufræðistofa sýnir fjölbreytileg stjörnulaga dýr í tilefni dagsins og býður til rannsóknarseturs og umfjöllunar um plast í sjó. Þar verður sjónum einnig beint að neyslu og sóun, sér í lagi fatasóun. Héraðsskjalasafnið setur upp örsýningu um Kópavogsfundinn og fullveldið og býður auk þess upp á áhugaverðan fyrirlestur um sauðfjábúskap í Kópavogi og nágrenni. Þar verða einnig sýnd og fjallað um forvitnileg myndskleið úr Kópavogi frá seinni hluta 20. aldar.

Í Molanum, menningarhúsi ungmenna, verða stuttmyndir á dagskrá sem eiga það sameiginlegt að hafa verið gerðar í Molanum.

Selfies í Gerðarsafni

Í Gerðarsafni verður boðið upp á leiðsagnir um nýopnaða ljósmyndasýningu, Líkamleiki og boðið upp á spennandi smíðjur tengdar henni; einnig verður boðið upp á teiknismiðju og verkefni sem tengjast sjálfum (selfies).

Garðskálinn í Gerðarsafni sér um að allir verði vel nærðir á meðan á hátíðinni stendur og býður upp á spennandi taco-matseðil fyrir alla fjölskylduna á sanngjörnu verði. Undir lok Safnanætur verður hægt að setjast niður í huggulegheitum í Garðskálanum undir góðri dj-tónlist við allra hæfi.

Ljósadýrð í Kópavogslaug

Á laugardeginum 3. febrúar hefst Sundlauganótt og mun ljósadýrðin



Star Wars þema verður á Bókasafni Kópavogs og söguhetjur myndanna etja kappi.



Steinunn Eldflaug mun breyta Kópavogskirkju í geimskip á Safnanótt með mögnuðu ljósalistaverki og bjóða gestum með sér í geimferði í kirkjunni.

vera við völd í Kópavogslaug frá kl. 19-22. Tanya frá Heilsuskólanum í Kópavogi leiðir aqua zumba undir dúndrandi tónlist og diskóljósum, hinn glæsilegi tónlistarhópur Between Mountains, sem bar sigur

úr bítum í Músiktilraunum 2017, treður upp og botninn í hátíðina slær bæjarlistamaðurinn Sigtryggur Baldursson í slagtoppi með ManKan í gjörningnum Undir með vitund í innilauginni.

ÚTSÖLULOK



afsláttur

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Alltaf eitthvað nýtt og spennandi

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Norski hönnuðurinn Marianne Hoest sýndi þessa fallegu dragt á tískuvikunni.



Fallegur rauður kjóll frá ungum, dönskum hönnuði.



Fallegur fatnaður hannaður af Kirstine Kjeldgaard.

Tískuheimur Dana vaknar



Nýjar vörur

20%
aukaafsláttur
af allri útsöluvöru

Str. 36-56

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Tískuvikan í Kaupmannahöfn stendur yfir til 2. febrúar í Ráðhúsinu í Kaupmannahöfn en hún hefur verið stærsti tiskuviðburður Norður-Evrópu.

Á sýningarpöllum koma fram allir helstu tiskuhönnuðir Dana og margir þeirra eru nýir í starfi. Alls eru sýndur ellefu hundruð en vörumerkin sem eru alþjóðleg eru um 2.300. Tískuvikan í Kaupmannahöfn vekur jafnan mikla athygli og dregur að áhugafólk um tísku hvaðanæva úr heiminum til Danmerkur. Meðal gesta að þessu sinni var Mary krónprinsessa sem veitti ungum og efnilegum tiskuhönnuði sérstök verðlaun.



Litríkt frá danska hönnuðinum Birgitta Szekernye.



Krónprinsessan Mary Elizabeth Donaldson veitti ungum tiskuhönnuði verðlaun á tiskuvikunni. Tekið var á móti henni með fallegum blómvendi.



ÚTSALA

30-60% AFSL

Selena

BLÁU HÚSIN V/FAXAFEN • SÍMI: 553 7355 • WWW.SELENA.IS



Hárrétt ákvörðun

Hárkúr Gula miðans er bætiefnablanda sem er sérstaklega samsett fyrir hárið.

Blandan inniheldur valin bætiefni fyrir hárið, þar á meðal nauðsynlegar aínósýrur, steinefni og vítamín sem stuðla að heilbrigðum og góðum hárvexti. Ánægðir notendur taka eftir því að hárið verður áberandi mýkra, hárlos verður minna og hárvöxtur styrkist og eykst.

Meðal innihaldsefna í Hárkúr eru inósítól, kólín, járn og sink sem eru nauðsynleg fyrir heilbrigðan hárvöxt og koma í veg fyrir að hárið slitni og verði líflaust. Hárkúr inniheldur einnig B-vítamín, bíótín og fólínsýru sem stuðla að heilbrigði hársekkja og frísklegu útliti hársins. Þá inniheldur Hárkúr þara sem er ríkur af snefilefnum sem styðja við hárvöxtinn. Hárkúr er einnig þekktur fyrir að styrkja neglur og húð.

Hárkúr er ein vinsælasta varan frá Gula miðanum sem fólk kaupir aftur og aftur.



Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is

Unnustinn er krefjandi viðskiptavinur

Slaufurnar frá SlaufHann bera nöfn karlmannna úr fjölskyldu hönnuðar þeirra, Elísu Hallgrímsdóttur. Upphaflega hannaði hún slaufur fyrir unnusta sinn en undanfarið ár hefur vörulínan stækkað.

Starri Freyr Jónsson

starri@frettabladid.is



Slaufurnar frá SlaufHann hafa vakið athygli undanfarið ár en um er að ræða handsamaðar slaufur byggðar á íslenskri hönnun. Slaufurnar eru úr tweed-efni, bómull eða silki og ber hver þeirra karlmannsnafn sem tengist fjölskyldu hönnuðarins, Elísu Hallgrímsdóttur. „Unnusti minn, Dagur Jónsson, hefur alltaf verið mikill slaufumaður og er án efa mest krefjandi viðskiptavinur minn. Ég byrjaði á sínum tíma að fönndra slaufur fyrir hann og vinir hans urðu mjög hrifnir. Dagur hvatti mig mikið til þess að keyra á þetta verkefni og koma slaufunum í sölu. Á þessum tíma voru aðilar á markaðnum að selja herraslaufur sem okkur þótti mjög flottar og því vorum við ekkert að leggja mikið upp úr því að stækka þetta áhugamál.“

Þegar leið nær jólum 2015 fóru hlutirnir þó aðeins að breytast. „Þá ákvað ég að gefa fjölskyldumeðlimum slaufur með jólapakkanum auk þess sem vinir og kunningjar sóttu í slaufurnar fyrir jólin. Á þessum tímamarki áttaði ég mig á því að mér þætti þetta bæði mjög skemmtilegt og gefandi verkefni.“ Verkaskiptingin milli þeirra er skýr, Elísa sér um hönnun og Dagur sér um allt sem tengist markaðs- og sölumálum.

Heita karlkynsnöfnum

Hún segir eftirspurnina hafa aukist mikið undanfarið ár. „Við förum líka af stað með minni slaufur fyrir krakka og unglina ásamt því að prófa okkur áfram með ungbarna-slaufur sem hafa vakið mikla lukku, sérstaklega í kringum hátíðirnar. Um mitt ár 2017 hóf ég að þróa feðgasett en persónulega finnst mér geggjað að sjá feðga með slaufur í stíl. Í dag er feðga- og bræðra-settið vinsælustu vörur okkar.“ Við þá þróunarvinnu fannst henni þurfa að hanna eitthvað fyrir litlu



Parið á bak við SlaufHann er Elísa Hallgrímsdóttir, sem sér um hönnunina, og unnusti hennar Dagur Jónsson, sem sér um markaðs- og sölumál. Slaufurnar eru úr ýmsum efnum og í mörgum skemmtilegum litum. MYNDIR/EYÞÓR



Slaufurnar fást víða, meðal annars á Facebook og á söluvef Já.is.



Fallegar og litríkar slaufur gera mikið fyrir heildarútlit og henta öllum aldurshópum.

dömunar líka. „Ég ákvað því að útbúa spöng og teygju í hárið með sömu slaufu og faðirinn er með. Eftirspurnin var til staðar þannig að ég ákvað að slá til og er ég virkilega ánægð með útkomuna.“

Snemma í ferlinu ákvað Elísa að gefa hverri slaufu nafn eftir karlmanni í fjölskyldunni, nöfn á borð við Brynjólfur, Alexander, Hallgrímur og Franz. „Það var lítið mál í upphafi en eftir að úrvalið jókst hefur verið vægast sagt erfitt að nefna þær. Bráðum verð ég eflaust uppiskroppa með nöfn en ætlunin er að halda áfram með vöruþróun og koma með nýjar og skemmtilegar hugmyndir fyrir nýjar slaufur.“

Nýjar vörur fram undan

Fram undan er enn frekari vöruþróun og betra úrval svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

„Okkur langar mikið að koma með vörulínu fyrir ungar stelpur sem allra fyrst, þar sem sú hugmynd hefur fengið frábærar undirtektir. Svo eru fermingar á næsta leiti og þar verðum við með skemmtileg tilbod. Markmiðið er einnig að taka þátt í Mottumars og vonandi fleiri viðburðum á árinu. Annars verður virkilega spennandi að sjá hvað árið mun bjóða upp á og hvernig verkefni við munum takast á við á árinu. Nú þegar er byrjað að panta fyrir fermingarnar og þar er mikið af sérþöntunum í gangi.“

Slaufurnar eru fánlegar á Facebook (SlaufHann), hjá herrafataversluninni Karlsmönnum á Laugavegi, Þiðmúbium barnafataverslun, Pride of Iceland á Laugavegi og á söluvef Já.is.

Hvað gefur NeoStrata þér?

- Fyllingu
- Raka og næringu
- Jafnari húðlit
- Dregur úr fínunum línunum

Ráðgjafi í Lyfju Smáratorgi fimmtudaginn 1. febrúar kl. 14-16

NeoStrata® SKIN ACTIVE



LYFJA
- Lifið heil

LANCÔME
PARIS

MADE OF
UNSTOPPABLE
ENERGY



FRÖNSK MELISSA
NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI
VISTVÆN -
UMHVERFISVÆNAR UMBÚÐIR*



UNSTOPPABLE.
BY NATURE.

NÝTT ÉNERGIE DE VIE

FRÖNSK MELISSA, TRÖNUBER & GINGSENG - ÖRKUSKOT GEGN ÞREYTU

NÚ ENN STÆRRI LÍNA: LOTION, LIQUID CARE RAKAKREM, DAGKREM,
AUGNKREM, NÆTURMASKI, KORNAMASKI OG GRÆNN LEIRMASKI.

*20% ENDURUNNIÐ GLER Í KRUKKUM OG FLÖSKUM, ENGINN BÆKLINGUR.

LANCÔME MASKAR

ÞVÍ EKKI AÐ DEKRA VIÐ SJÁLFA ÞIG EÐA EINHVERJA SEM ER ÞÉR KÆR?
HJÁ LANCÔME FINNUR ÞÚ ÚRVAL LÚXUSMASKA SEM DEKRA VIÐ ÞIG DAG OG NÓTT.



ENERGIE DE VIE ILLUMINATING & PURIFYING EXFOLIATING MASK

Þessi 2-í-1 raka og kornamaski hentar mjög vel til að losa um dauðar húðfrumur líflausrar húðar svo fersk ljómandi húðin fái að njóta sín og húðholur verði minna sjáanlegar.
Notist 2 í viku í 3 mín.



ENERGIE DE VIE ANTIOXIDANT OVERNIGHT RECOVERY SLEEPING MASK

Næturmaski sem rakafyllir og þéttir húðina sem verður fersk og sjáanlega jafnari. Hann kælir húðina og undirbýr hana fyrir nóttina.
Notist á hverju kvöldi sem næturkrem eða 2 – 3 í viku í 10 mín. sem orkugefandi maski sem vinnur á þreytumerkjum.



ENERGIE DE VIE PURIFYING & REFINING CLAY MASK

Mjúkur, grænn kremaður leirmaski. Hreinsar húðina, vinnur gegn stífluðum húðholum, hreinsar farða og mengun af húðinni sem verður hrein, fersk, húðholur minna sjáanlegar og húðlitur bjartari. Notist 2 í viku í 5 mín.



ABSOLUE PRECIOUS CELLS REVITALIZING NIGHT RITUAL MASK

Næturmaski sem dekrar við húðina meðan þú sefur, svo hún verður fersk, rakafyllt og þétt að morgni og betur varin gegn áreiti dagsins.
Við mælum með notkun þessa lúxusmaska 2 kvöld í viku.



ABSOLUE PRECIOUS CELLS NOURISHING AND REVITALIZING ROSE MASK

Það besta frá Lancôme. Maski með dýrmætu rósaseyði og rósavatni sem dekrar við andlitið, róar, rakafyllir og endurheimtir ljóma, mykt og frískleika húðarinnar á aðeins 10 mínútum.
Má nota daglega.



HYDRA ZEN ANTI-STRESS MOISTURIZING OVERNIGHT SERUM-IN-MASK

Ferskur eins og serum, nærir eins og maski, vinnur gegn streitu og rakafyllir húðina sem verður ferskari og stinnari.
Má nota sem næturkrem eða sem maska.

Ertu á leið til heitari landa!



- hnébuxur (bermuda)
- kvartbuxur
- síðbuxur
- margir litir
- stærð 34 - 50

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15



Sænski fatarisinn H&M er í vanda. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Vandræði H&M halda áfram

H&M stendur í miklu stappi. Fyrir skömmu fékk fyrirtækið yfir sig holskeflu mótmæla og nú kemur í ljós að hagnaður minnkaði meira á síðasta ári en öll síðustu sex ár.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Fatafyrirtækið H&M hefur tilkynnt að á síðasta ári hafi orðið meiri samdráttur í hagnaði fyrirtækisins en síðustu sex ár á undan. Þessi tilkynning hefur aukið þrýsting á forstjóra fyrirtækisins, Karl-Johan Persson, sem á nú þegar við ímyndarvandamál að stríða.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu kemur fram að hagnaður dróst saman um 14% milli nóvember 2016 og 2017. Fyrirtækið segist ætla að loka 170 búðum á þessu ári og bæta við nýju kerfi sem heitir Afound, sem á að selja ódýran varning.

Persson segir að breytingar á fatiðnaði séu að skapa nýjar áskoranir og það muni halda áfram á þessu ári.

Á síðastu þremur mánuðum síðasta árs dróst hagnaðar fyrirtækisins saman meira en nokkru sinni áður. Fataverslun á netinu hefur aukist verulega og fyrir vikið heimsækja færri búðir H&M. Fyrirtækið hefur verið í vandræðum með að sitja uppi með mikið magn af fatnaði á lagernum, þurft að selja vörur á miklum afslætti og verið gagnrýnt fyrir að vera ekki nógu öflugt í netverslun.

Didner & Gerge Fonder AB, einn stærsti hluthafi í H&M, hefur óskað eftir að hrist verði upp í stjórn fyrirtækisins.

H&M hefur að auki þurft að eiga við ímyndarvandamál eftir að vera sakað um kynþáttahatur. Fyrirtækið birti auglýsingu með mynd af svörtu barni sem var í hettupeysu sem á stóð „flottasti apinn í frumskóginum“. Auglýsingin vakti hörð viðbrögð og olli meðal annars mótmælum í Suður-Afríku. H&M baðst afsökunar á auglýsingunni.

Nýlega þurfti fyrirtækið líka að endurkalla sokka sem voru mynstur sem virtist líkjast orðinu Allah, skrifað á arabísku, ef sokkunum var snúið við. Mynstrið var



Karl-Johan Persson, forstjóri H&M, er undir miklum þrýstingi. NOR-DICPHOTOS/GETTY



Það var mótmælt fyrir utan verslun H&M í Suður-Afríku fyrr í þessum mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

» Fataverslun á netinu hefur aukist verulega og fyrir vikið heimsækja færri búðir H&M.

hluti af teikningu af Lego-karli sem var að beita verkfæri. Talsmaður H&M sagði að öll þýðing sem fólk sæi væri tilviljun og að fyrirtækið bæðist afsökunar ef þetta móðgaði einhvern.

Þetta gerðist þrátt fyrir að H&M

hafi nýlega ráðið starfsmann sem átti að huga sérstaklega að fjölbreytni. Vonin var sú að ráðningin sýndi opinberlega hve miklu máli fjölbreytni og þátttaka allra skipti fyrirtækið og koma í veg fyrir frekari ásakanir um kynþátta hatur.

H&M segist ætla að vinna sig upp með því að stækka við sig í netverslun, auka fjölbreytni með nýjum vörumerkjum, bæta verslanirnar og beita nýjustu tækni til að lágmarka stærð lagera og stytta afhendingartíma.

Nýjar vörur í hverri viku

Netverslun á tiskuhus.is

Stærðir 38-52

My Style tiskuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

LÍFID ER NÚNA



KRABBAMEIN KEMUR ÖLLUM VIÐ!

LEGGDU OKKUR LIÐ www.lifidernuna.is

FÉLAG UNGS FÓLKIS SEM GREINST HEFUR MEÐ KRABBAMEIN OG AÐSTANDENDUR

KRAFTUR

Fæst í flestum apótekum, heilsuvörubúðum og í Hagkaup, Smáralind.



 **benecos**
náttúruleg fegurð



Náttúrulegt og lífrænt
Án parabena
Ekki prófað á dýrum



MOSS ullarkápa
18.995
til blá og bleik

KRINGLUNNI | 588 2300

INDISKA



Konungur poppsins kvæntist dóttur konungs rokkingsins árið 1994. Hjónabandinu lauk tveimur árum síðar en þau Lisa Marie og Michael Jackson reyndu næstu fjögur árin að ná aftur saman og fór Lisa Marie oft út um allan heim til að þau gætu átt sínar privatstundir saman. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fimmtug og frækin rokkprinsessa

Lisa Marie Presley stendur á fimmtugu í dag. Hún er einkabarn rokkkóngsins Elvis Presley og Priscillu Presley og fæddist sléttum níu mánuðum eftir brúðkaup þeirra.



20%
ALLAR VÖRUR

Tilboð gildir til sunnudags

70%
ÚTSALA

LIVE IN Levi's®

Levi's Krínglunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi

Lisa Marie Presley fæddist 1. febrúar árið 1968 og var augasteinn föður síns. Hún þykir sláandi lík Elvis Presley og fetaði ung í fótspor hans í tónlistinni. Ástalíf hennar hefur þó oftast ekki komist á síður blaðanna enda er hún fjörgift og var um tíma eiginkona leikarans Nicolas Cage og tónlistarmannsins Michaels Jackson. Fyrstu kynni þeirra Michaels voru þegar hún var sjö ára og sótti tónleika með honum í Las Vegas en mörgum þótti við hæfi að dóttir rokkkóngsins skyldi giftast sjálfum konungi poppsins.

Lisa Marie á fjögur börn, þar af tvíburadætur, en tvíburar eru algengir beggja vegna í fjölskyldu hennar, meðal annars var Elvis tvíburi, en bróðir hans fæddist andvana, og móðir hennar á yngri tvíburasystur.

Lisa Marie var aðeins níu ára þegar faðir hennar féll frá. Hún er einkaerfingi föður síns og fékk aðgang að eignum hans þegar hún varð 25 ára. Þá hafði verðmæti eigna hans aukist gífurlega undir styrkri stjórn móður hennar, Priscillu, sem gerði Graceland, heimili Elvis Presley, að opnu safni



Lisa Marie giftist leikaranum Nicolas Cage en hjónabandið entist stutt.

og hélt öllu óbreyttu innanhúss frá því Elvis varð þar bráðkvaddur 16. ágúst 1977. Enn í dag geta aðdáendur Elvis Presley heimsótt Graceland og vitjað grafar hans.

Lisa Marie var um tíma meðlimur í Vísindakirkjunni en sagði sig úr henni árið 2016. Hún vinnur ótúllega að góðgerðarmálum.



Lisa Marie er einkabarn rokkkóngsins Elvis Presley en missti föður sinn níu ára. Hér er hún á þriðja árinu með Elvis og móður sinni, Priscillu Presley.

Smáauglýsingar

512 5000


Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensinvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjár litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



Vissir þú að...
börn eiga rétt á Vernd gegn klámi.

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



OPEL Mokka Turbo. Árgerð 2017, ekinn 39 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar. Bluetooth. Ásett verð 3.390.000.- TILBOÐSVERÐ 2.990.000. Rnr.312101.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



OPNUNARTILBOÐ!!

Flottasta útfærslan af Mitsubishi Outlander PHEV INSTYLE Árg: 2017 Ekinn 1þkm sjálfskiptur Verð: 5.500.000kr Opnunartilboð: 4.990.000kr Sími: 519-5333

ECO RABÍLAR
Engihjalli 8, 200 Kópavogur
Sími: 519 5333
ecorafbilar.is

BÍLA GALLERÍ



TILBOÐ 5.850P

TOYOTA LAND CRUISER 150 GX. Árg. 2015, EK: 99 þ.KM, Diesel, Sjálfsk. Tilboð 5.850þ Ásett 6.790þ Sjá raðnr 101019 www.bilagalleri.is

Bílagallerí bílasala
Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur
Sími: 554 6700
www.bilagalleri.is

Bílar til sölu



VW Passat 2012, ek. 86þ. Verð 1790 þ.kr. Vistvænn, sjálfsk., leður, topplúga. S. 820 2200

Hópfæribílar



RÚTUR TIL SÖLU

Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Húsaviðhald

ALHLIDA FASTEIGNAVIDHALD

- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

TILBOÐ ÞÉR AD KOSTNADARLAUSU !

Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murmogsmidum.is
Múrum og smíðum ehf

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG

DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Önnur þjónusta



Borgarafi ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

Keypt & Selt

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



HONDA

CR-V Elegance Navi

Nýskráður 8/2016, ekinn 35 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 4.690.000



HONDA

CR-V Elegance

Nýskráður 7/2015, ekinn 35 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 4.390.000



HONDA

CR-V Elegance

Nýskráður 3/2014, ekinn 67 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 3.790.000



HONDA

CR-V Lifestyle

Nýskráður 11/2012, ekinn 57 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.990.000



HONDA

CR-V Lifestyle

Nýskráður 9/2011, ekinn 113 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.490.000



HONDA

CR-V Executive

Nýskráður 2/2008, ekinn 98 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.790.000



BÍLL DAGSINS

Chevrolet Cruze LTZ

Nýskráður 5/2015, ekinn 13 þús.km., dísel, 6 girar. Ásett verð 2.790.000

Tilboð kr.
1.999.000



HONDA

CR-V Executive

Nýskráður 7/2007, ekinn 174 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.590.000

Afgreiðslutími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

notaðir.bernhard.is opið allan sólarhringinn



CHEVROLET

Spark

Nýskráður 10/2013, ekinn 62 þús.km., bensín, 5 girar.

Verð kr. 890.000



NOTAÐIR BÍLAR

Bílaþjónustanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga upptöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

Óskast keypt

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Heilsa

Nudd

NUDD/MASSAGES

Heilnudd, slökun, íþróttanudd
og snyrting. Afslappandi og gott
umhverfi á sv. 105 rvk. Opið kvöld
og helgar. S. 894 4817

Skólar &
Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við
endurtökupróf og akstursmat.
S. 893 1560 og 587 0102, Páll
Andrésson.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 133 -
1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI
Í REYKJAVÍK

133 fm bil með allt að 9 m
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð
malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir
í s. 661 7000

Húsnæði óskast

ÞÝSKA SENDIRÁÐIÐ
ÓSKAR EFTIR VEL ÚTBÚNU
HÚSNÆÐI M/HÚSGÖGNUM
(EINBYLISHÚS EÐA ÍBÚÐ)

200-300 m², frá 01. apríl til 31.
október 2018 miðsvæðis í Rvk,
bilskúr.

Tilboð vinsamlegast með
myndum til Þýska sendiráðsins,
Laufásvegi 31, 101 Reykjavík,
einnig með tölvupósti á info@
reykjavik.diplo.de
Uppl. í s. 530 1100

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m². Ódyrt eftir það. S:
564-6500

Atvinna

Atvinna óskast

SMÍÐIR - VERKAMENN
- MÚRARAR -
LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smíði, verkamenn,
múrara, pípara og
lagerstarfsmenn sem eru klárir í
mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA
s. 780 1444

VANTAR ÞIG SMÍÐI,
MÚRARAR, MÁLARA EÐA
AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta
hafið störf með skömmum
fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta
- proventus.is

Sími 551-5000

Netfang proventus@proventus.is

GEFÐU
HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

Fasteignir



Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

BURKNAVELLIR 9 -HFJ
Einbýli
Einstök staðsetning

Opið hús í dag fimmtudag
1.feb kl.17:30-18:00.

Glæsilegt arkitekta hannað 200 fm
einbýli á einni hæð í Hafnarfirði.
Rúmgóðar stofur, glæsilegt eldhús,
2-3 rúmgóð svefnherbergi og 2
baðherbergi.

Vandaðar sérsníðaðar innréttingar.
Náttúrusteinn og parket á gólfum.

Eign í sérflokki. Sjón er sögu ríkari.



Freyja Sigurðardóttir

Lögg. fast. / Eigandi
freyja@hraunhamar.is



Nánari upplýsingar veitir:

Hilmar Þór Bryde

Sölumaður

hilmar@hraunhamar.is

892 9694

ráðum
ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

GÓÐUR ^{4X4} BÍLL

BETRI DÍLL

EINN VINSÆLASTI SMÁJEPPI
LANDSINS Á LÆKKUÐU VERÐI

LÍTIÐ NOTAÐIR
SUZUKI VITARA GLX DÍSEL

Árgerð 2017 - sjálfskiptir

- ✓ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
- ✓ Allt að 90% fjármögnun
- ✓ Til í ýmsum litum
- ✓ Góð endursala
- ✓ Tökum bíla upp í

*m.v. 20% útborgun í 84 mánuði

HLAÐNIR ÞÆGINDUM

- ✓ Panorama þak
- ✓ Leður/ rúskinn sæti
- ✓ Bakkmyndavél
- ✓ Íslenskt leiðsögukerfi
- ✓ Lyklalaus ræsing og hurðapönnun
- ✓ Álfelgur
- ✓ Hraðastillir (Cruise Control)
- ✓ Bluetooth
- ✓ USB tengi
- ✓ Akreina og árekstrarvari
- ✓ Litað gler
- ✓ Ofi.

AÐEINS KR.
3.590
ÞÚSUND

586 1414

stora@stora.is • stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!